

## L Ö G

98

22. des.

um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi  
í Vestur-Barðastrandarsýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi þann hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu, sem er ekki nú þegar eign ríkissjóðs.

## 2. gr.

Framkvæma skal eignarnámið samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

99

23. des.

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 5. mgr. 16. gr. laganna (Hver fastanefnd ... fundaskrifara) bætist: Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.

## 2. gr.

Síðari másl. 2. málsgr. 18. gr. laganna skal orða svo: Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

## 3. gr.

- a. Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 3. másl. fyrri málsgr. 19. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.
- b. Fyrir „fjórum vikum“ í 4. másl. sömu málsgr. laganna kemur: átta vikum.
- c. Orðið „óskipt“ í síðari málsgr. sömu lagagr. fellur niður.